

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 104/1988 um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Sé gjald enn ógreitt þegar 28 dagar eru liðnir frá álagningu, hækkar það um 100% frá upphaflegu gjaldi, án tillits til staðgreiðsluafsláttar og undangenginnar 50% hækkunar eftir 14 daga.

2. gr.

Samgönguráðherra kemur í stað dómsmálaráðherra í 1. mgr. 3. gr. og í 1. mgr. 5. gr.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 108. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. lög 62/1988, sbr. lög 132/2003, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 23. febrúar 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*